



MIDVIKUDAGUR 10. MAÍ 2017

Viðburðir



Sögustund á náttfötunum er vinsæll viðburður barna á aldrinum 3 til 8 ára. Á morgun eiga þau stefnumót við fil með bráðnandi rjómaís.

[viðburðir](#) → 4



„Ég er svo heimakær að það er nánast vandræðalegt, en vinnan er samt þannig að mér tekst oftast ágætlega að finna jafnvægi milli hins inn- og úthverfa lífs.“

MYND/SALAR BAGAN

# Vandræðalega heimakær

Ragga Gröndal syngur á stórtónleikum í Háskólabíói í kvöld til styrktar kvennasamtökunum AISHA á Gasa. Hún er byrjuð að vinna að nýrri plötu sem kemur út snemma á næsta ári. ➔2

## HEIMILISSÝNINGIN AMAZING HOME SHOW

Sérblað um heimilissýninguna Amazing Home Show kemur út þann 17. maí.

Í þessu blaði verður hægt að kaupa bæði auglýsingar sem og kynningar.

Áhugasamir geta haft samband við Jóhann Waage

Sími 512 5439

[johannwaage@365.is](mailto:johannwaage@365.is)

FRÉTTABLAÐIÐ







Ragga er að semja tónlist við barnaleikrit ásamt Bergrúnu Írisi. Hún mun koma fram á Secret Solstice og með NDR Bigband í júní.

Sigríður Inga  
Sigurðardóttir  
sigridinga@365.is



#### Framhald af forsiðu →

Ragga kemur fram ásamt fríðum hópi tónlistarmanna á tónleikunum í kvöld. Auk hennar og Guðmundar Péturssonar koma fram Bubbi Morthens, Sigríður Thorlacius og Högni Egilsson, Ellen Kristjáns, KK og Bjartmar Guðlaugsson. „AISHA samtökin hafa það að markmiði að efla konur í Palestínu sem hafa t.d. misst eiginmenn sína eða lent í erfiðum aðstæðum og áföllum,“ segir Ragga sem ætlar að syngja og leika á pianó með manninn sinn, Guðmund Pétursson gítarleikara, sér við hlið.

Hún segist oft taka að sér að syngja á tónleikum til styrktar ákveðnum málefnum, líkt og aðrir

tónlistarmenn á Íslandi. „Ég er til í að koma fram fyrir öll góð málefni, enda eru svo margir í samfélaginu og í heiminum sem þarfnast hjálpar. Ég bara veit og hef upplifað hvað svona safnanir geta skipt miklu máli, jafnvel breytt öllu fyrir fólk sem er að glíma við erfiðleika – í það minnsta gerir þetta aðstæður fólks ögn bærilegri og svo held ég líka að fólk þyki vænt um stuðninginn, kærleikann og samhuginn sem fylgir styrktar-tónleikum.“

#### Heppin með verkefni

Þegar Ragga er spurð hvað hafi á daga hennar drífið síðustu mánuði kemur í ljós að hún hefur haft í nógu að snúast. Hún er nýkomin heim úr tveggja vikna tónleikaferðalagi um Austurríki, sem hún segir að hafi verið dásamlegt. „Í lok síðasta árs gaf ég út nýtt lag sem heitir Yoanna, hélt stóra tónleika í Háskólalábió, fór í tónleikaferð


um Þýskaland og tók jólavertíðina með trompi, ásamt vinum mínum í söngtríóinu Eitthvað fallett. Í febrúar kom ég fram sem sólisti með stórsveit norðurlýska útvarpsins (NDR Bigband), í mars fórum við í ótrúlega skemmtilegt tónleikaferðalag um Eistland og síðan söng ég fyrir Maríu Magdalenu í Jesus Christ Superstar með frábærum hópi tónlistarmanna. Þetta er svona það sem stendur upp úr og ég man eftir, enda er ég svo heppin að hafa mjög fjölbreytt verkefni.“

#### Ný plata í vinnslu

Fram undan eru næg verkefni sem Ragga hlakkar til að takast á við. „Það er hellingur í gangi, sem betur fer. Ég er á leiðinni til London til þess að vinna með upptökstjóra fyrir nýja plötu sem kemur út í byrjun næsta árs. Síðan er ég að semja tónlist við barnaleikrit ásamt Bergrúnu Írisi. Ég mun koma fram á Secret Solstice og með NDR Bigband í júní. Við ætlum að skella okkur á Þjóðlagahátíð á Siglufirði, halda tónleika í Norræna húsinu, spila á Djasshátíð Reykjavíkur og á spennandi tónlistarhátíð í Oldenburg í Þýskalandi þar sem þemað er farfluglar og hvernig þeir tengja lönd og menningu saman. Síðan skellur haustið á og þá hrúgast vonandi inn fleiri spennandi verkefni, en ef ekki mun ég einbeita mér alfarið að plötugerð og barnaleikriti.“

#### Kennir jóga vikulega

Fyrir utan að koma fram og syngja fyrir fólk ætlar Ragga að slaka eins og hún getur með fjölskyldunni og nýjum fjölskyldu-meðlimi sem er Vitamix-blandari. „Ég er að sigla inn í nýtt tímabil eftir að ég fjárfesti í græjunnni og á mjög erfitt með að slita mig frá eldhúsinu. Ég er á fullu að gera alla konar tilraunir til eflingar heilsu



„Við gleymdum að plana eiginlegt sumarfrí eins og oftast en við reynum að stela rólegum dögum sem koma inn á milli til að njóta sumarsins og vera dugleg að hitta vini og fjölskyldu.“ MYND/SALAR BAGAN

og almennrar vellíðunar. Ég er svo heimakær að það er nánast vandræðalegt, en vinnan mín er samt þannig að mér tekst oftast ágætlega að finna jafnvægi milli hins inn- og úthverfa lífs. Ég kenni svo jóga einu sinni í viku í Yoga Shala í Skeifunni þannig að ég verð að vera dugleg í jóga og svo stefni ég að því að hlaupa 10 km í Reykjavíkurmaráðuninu. Við gleymdum að plana eiginlegt sumarfrí eins og oftast en við reynum að stela rólegum dögum sem koma inn á milli til að njóta sumarsins og vera dugleg að hitta vini og fjölskyldu.“

Þegar Ragga er spurð hvaða lag henni þyki vænst um af þeim lögum sem hún hefur sungið hugsar hún sig vel um. „Þetta er erfið spurning. Kannski lagið Litla barn sem kom út á plötunni Svefnljóð.“

Hún er hins vegar ekki lengi að svara því hvaða lag er í upphaldi hjá henni þessa dagana. „Það heitir ‘Till April is Dead’ og er flutt af æðislegri tónlistarkonu frá Bretlandi sem heitir Lisa Knapp. Ég fæ hreinlega ekki nóg af henni.“

Tónleikarnir í kvöld hefjast klukkan 20.

## SÆBJÚGNAHYLKI FYRIR HEILSUNA



Arctic Star



Arctic star sæbjúgnahylki innihalda yfir fimmtíu tegundir af næringarefnum, og eru þekkt fyrir:

- Hátt próteinnihald og lágt fituinnihald
- Að minnka verki í liðum og liðamótum
- Að byggja upp brjóska og draga úr tíðni liðskemmda
- Að bæta ónæmiskerfið
- Að auka blóðflæði
- Að koma í veg fyrir æðakölkun
- Að auka orku líkamans, stuðla að myndun húðpróteins og insúlíns

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA. Framleiðandi er Arctic Star ehf. Allar nánari upplýsingar fást á [www.arcticstar.is](http://www.arcticstar.is)

Arctic Star sæbjúgnahylki Varan fæst í flestum apótekum, heilsubúðum og hagkaupum.

info@arcticstar.is - [www.arcticstar.is](http://www.arcticstar.is)

Síðumúli 31 - 108 Reykjavík - S: 562-9018 / 898-5618

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í forni viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnar-efni. Blaðið fylgir fréttablaðinu daglega.

Útgefandi:  
365 miðlar

Ábyrgðarmaður:  
Svanur Valgeirsson

Umsjónarmenn efnis: Elin Albertsdóttir, elin@365.is, s. 512 5349 | Ragnheiður Tryggvadóttir, heida@365.is, s. 512 5367 | Sólveig Gísladóttir, solveig@365.is, s. 512 5351 | Sigríður Inga Sigurðardóttir, sigridinga@365.is, s. 512 5372 | Starri Frey Jónsson, starri@365.is, s. 512 5358 | Vera Einarsdóttir, vera@365.is, s. 512 5357

Sólumenn: Atli Bergmann, atlib@365.is, s. 512 5457 | Jóhann Waage, johannwaage@365.is, s. 512 5439 | Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@365.is, s. 512 5429 | Ólafur H. Hákonarson, olafurh@365.is, s. 512 5433





# GLÆSILEGAR DANSKAR INNRETTINGAR Í ÖLL HERBERGI HEIMILISINS

FJÖLBREYTT ÚRVAL AF HURÐUM, FRAMHLIÐUM, KLÆÐNINGUM OG EININGUM,  
GEFA ÞÉR ENDALAUSA MÖGULEIKA Á AÐ SETJA SAMAN ÞITT EIGIÐ RÝMI.



Baðherbergi



Góðar hirslur



Innbyggðar uppþvottavélar



Pottaskápar




Allar útfærslur



Fataskápar



Sérsmíði



Þvottahús



Úrvalið er hjá okkur

## VIÐ HÖNNUM OG TEIKNUM FYRIR ÞIG

Komdu með eða sendu okkur málin af eldhúsinu, baðinu, þvottahúsinu, anddyrinu eða svefnherberginu - og við hönnum, teiknum og gerum þér hagstætt tilboð í glæsilega danska innréttingu í hæsta gæðaflokki og vönduð raftæki á vægu verði.

## ÞITT ER VALIÐ

Þú velur að kaupa innréttinguna í ósamsettum einingum, eða lætur okkur um samsetninguna. Að sjálfsögðu önnumst við líka uppsetningu og endanlegan frágang fyrir þá sem þess óska – fullkomin þjónusta, eigið verkstæði.



Askalind 3 • 201 Kópavogur • Sími: 562 1500 • Mán. - föst. kl. 09-18 • Laugardaga kl. 11-15



friform.is



# Hlátrasköll og náttgalsi

Sögustund á náttfötunum er vinsæll viðburður barna á aldrinum 3 til 8 ára. Á morgun eiga þau stefnumót við fíl með bráðnandi rjómaís.

Þórdís Lilja Gunnarsdóttir  
thordisg@365.is



Við viljum auðvitað helst að foreldrar losi sig við allar hömlur og mæti líka í náttfötum því krökkunum þykir það svo óskaplega myndlegt og skemmtilegt,“ segir Guðrjúður Sigurbjörnsdóttir, safnstjóri Borgarbókasafnsins í Sólheimum. Þangað mæta kátir krakkar á náttfötunum annað fimmtudagskvöld hvers mánaðar yfir vetrartímamann til að hlusta á sögu og hafa það notalegt „Bangsi og önnur tuskudýr eru velkomin með og börnunum þykir þetta mjög skemmtilegt. Reyndar eru vinsældirnar svo miklar að vissara er að skrá sig fyrirfram og þyrftum við helst að fjölga þessum kvöldum,“ segir Guðrjúður sem nýtur sögustundarinnar ekki síður en börnin, foreldrar þeirra og annað starfsfólk Sólheimasafns. „Við mætum alltaf í náttfötunum okkar á sögustundirnar og stemningin er óskaplega notaleg og heimilisleg. Á þessum tíma fer að færa ró yfir börnin og þótt

þau mæti spennit og kát dættur allt í dúnalogn þegar upplesturinn hefst. Þá má heyra saumnál detta því börnin hlusta af stakri athygli.“

Það var fyrir nokkrum árum að Sigrún Jóna Kristjánsdóttir, barnabókavörður í Borgarbókasafninu í Sólheimum, fékk þessa frábæru hugmynd og segir Guðrjúður vinsældir sögustunda á náttfötum hafa vaxið jafnt og þétt síðan.

„Í hvert skipti lesum við tvær til þrjár sögur og vitaskuld með tilheyrandi látbragði og tilþrifum. Bækurnar koma úr öllum áttum, jafnt sígildar barnasögur og nýjar; bæði íslenskar og útlenskar. Bæði Sigrún og Þórunn Vignisdóttir, sem starfar hér einnig sem barnabókavörður, hafa brennandi áhuga á barnabókum og einkar gott nef fyrir nýjum sögum. Þær hika ekki við að þýða áhugaverðar bækur sem þær rekast á, og ekki eru til í íslenski þýðingu, og eigum við því ótal áður óheyrðar barnasögur á lager,“ upplýsir Guðrjúður kát.

Annað kvöld verða lesnar tvær sögur á sögustundinni: Albin hjálpar til, eftir Ulf Lövgren og svo bók á ensku, sem var snarad yfir á íslensku af þessu tilefni, og heitir



Guðrjúður Sigurbjörnsdóttir er safnstjóri Borgarbókasafnsins í Sólheimum. Að sjálfsgöðu mætir hún í náttfötunum sínum eins og annað starfsfólk bókasafnsins þegar börnum er boðið í sögustund á náttfötunum. MYND/EYÞÓR



## SUNDFÖT

Stærðir 12-26 og skálar frá C uppí J

Skoðaðu úrvalið á [Curvy.is](http://Curvy.is) eða komdu við í verslun okkar að Fákafeni 9 póstsendum frítt hvert á land sem er!

SUNDBOLUR  
MEÐ AÐHALDI  
VERÐ: 7.990 KR

Curvy.is

Fákafeni 9, 108 RVK | Sími 581-1552 | [www.curvy.is](http://www.curvy.is)

Ætti ég að deila ísnum mínum? (e. Should I share my icecream?) eftir Mo Willems.

„Sú saga er afskaplega dramatisk og fjallar um fíl sem veltir fyrir sér hvort hann eigi að deila ísnum sínum en á meðan bráðnar ísinn. Við vörpum svo myndum úr sögunum á tjald og börnin horfa á stóreygd og innlifunin er mikil. Þau lifa sig inn í sögurnar og greina má gleði og sorg, ugg, undrun og spennu, og þau hlæja mikið. Börn á þessum aldri eru mjög móttækileg og það er gaman að lesa fyrir þau. Kímnigáfa þeirra er keimlik og þau skella upp úr á sömu stöðunum,“ segir Guðrjúður og nefnir bækurnar um Lúlla sem setur buxurnar á hausinn og Sel sem kemur í heimsókn sem dæmi um bækur sem uppskera alltaf mikil hlátrasköll.

„Börn fyrr og nú gleðjast yfir göðum sögum og um að gera að halda bóklestri að þeim frá fyrstu tíð. Við finnum vel að þeim er mikils virði að koma í bókasafnið því þau fara heim með sælubros á vör. Á meðan smáfólkið lætur fara vel um sig á dýnum og púðum dundar fullorðna fólk sér við að skoða safnkostinn og andrúmsloftið er töfrandi, eins og alltaf þegar

ævintýri gerast,“ segir Guðrjúður og bendir á að sögustundin megi ekki verða allt of kósi.

„Það hefur reyndar enginn sofnað enn því athyglin og áhuginn á sögunum er algjör. Við lesum oftast í hálf tíma og bjóðum upp á gömsæta ávexti og hressingu á eftir. Sögustundinni lýkur svo klukkan átta enda þá kominn tími til að háttu á alvörinni heima.“

Borgarbókasafnið í Sólheimum er minnsta safn Borgarbókasafns Reykjavíkur og er miðað við tuttugu börn á sögustund í náttfötum.

„Á morgun verður sögustundin í næstsíðasta sinn en við tókum þráðinn upp aftur í haust. Þá verðum við með eina sögustund úti á fallegu sumarkvöldi í júní og látum boð um það ganga á heimasíðu bókasafnsins, borgarbokasafn.is. Við hvetjum líka fólk til á að skrá sig inn á rafræna fréttabréfið okkar þar inni. Þá þarf að skrá sig á þessa upplestra því þeir eru gífurlega vinsælir og svo að pláss verði fyrir alla,“ segir Guðrjúður sem þó vísar engum frá.

Sögustund á náttfötunum hefst klukkan 19 annað kvöld, 11. maí. Skráning í síma 4116160 eða með tölvupósti til [thorunn.vignisdottir@reykjavik.is](mailto:thorunn.vignisdottir@reykjavik.is)




Börnunum þykir mikið ævintýri að mæta í náttfötunum og með bangsann sinn í bókasafnið að kvöldi og fara sæl heim í háttinn eftir góða sögustund.

MYND/BORGARBÓKASAFN REYKJAVÍKUR



# Graníthöllin er flutt í Mörkina 4

Opnunartilboð - **30%** afsláttur af öllum legsteinum, aukahlutum og allri okkar þjónustu.



NR. 1002 GS



NR. 118 PAR



NR. 129-3 SHANXI BLACK

FYLGIHLOTIR FYLGJA EKKI MEÐ  
AKSTURSGJALD BÆTIST VIÐ UTAN HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

## VIÐHALD & ÞRIF LEGSTEINA

30% AFSLÁTTUR AF ALLRI  
VINNU OG ENDURMÁLUN

ÞARF AÐ ENDURNÝJA LETRIÐ Á  
STEININUM? GRANÍTHÖLLIN TEKUR  
AÐ SÉR AÐ HREINSA OG ENDURMÁLA  
LETUR Á LEGSTEINUM. EINNIG TÖKUM  
VIÐ AÐ OKKUR AÐ RÉTTA AF LEG-  
STEINA SEM ERU FARNIR AÐ HALLA.



MÖRKIN 4,  
REYKJAVÍK

**Graníthöllin**  
Legsteinar

SÍMI 555 3888  
GRANITHOLLIN.IS



# Smáauglýsingar

512 5000

Afgreiðsla smáauglýsinga og simi er opin alla virka daga frá 9-16  
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki


**BÍLA  
GALLERÍ**



**TILBOÐ-TILBOÐ**

HYUNDAI SANTA FE CRDI LUX  
DÍSEL LEDUR, dráttakrókur Árgærd 2011, ekinn 90 P.KM, 7 Mannna! sjálfskiptur. Glæsilegt eintak Verð 3.590þ. Rnr.111291.

Bílagallerí bílasala  
Hagasmára 2-4 v.Smáralind, 201  
Kópavogur  
Sími: 554 6700  
www.bilagalleri.is



**STÓRA  
BÍLASALAN**



**100% LÁN**

SKODA Octavia 1.9 Dísel. Árgærd 2008, ekinn aðeins 95 P.KM, dísel, 5 girar. TILBOÐ 990.000 staðgreitt! Rnr.159326.



**100% LÁN**

SKODA Fabia Combi 1.6 Dísel. Árgærd 2011, ekinn 131 P.KM, dísel, 5 girar. Verð 1.290.000. Rnr.135861.



**100% LÁN**

HYUNDAI I30. Árgærd 2010, ekinn 148 P.KM, bensín, 5 girar. TILBOÐ 780.000 staðgreitt. Rnr.162332.

Stóra bílasalan  
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík  
Sími: 5861414  
http://www.stora.is

**VAKA**



Öruggir Vinnuvéla-Lyftara og Bifreiðaflutningar á verði fyrir þig.

Vaka  
Skútuvogi 8, 104 Reykjavík  
Sími: 567 6700  
24 tíma þjónusta  
http://www.vakahf.is



EL-GO rafmagnsvespur. Ekkert próf, engin skráning, BARA GAMAN. Vespurnar eru til í fjórum flottum litum. Sama lága verðið 154.900.- kr.

SUZUKI UMBODIÐ ehf  
Skeifunni 17, 108 Reykjavík  
Sími: 565-1725  
suzuki@suzuki.is  
Suzuki.is / suzukisport.is

**KRÓKUR**



**KRÓKUR**

Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

Krókur  
Sími: 522 4600  
http://www.krokur.net

**Bílar til sölu**



**ÚTSALA ÚTSALA ÚTSALA!**

SUZUKI SWIFT GLX árg. 2010 ek. 112 Pkm Sjálfskiptur, álfelgur, 2 eigendur, 100% þjónustubók, ný skoðaður, glæný sumardekk og ný vetrardekk, möguleiki á 100% láni, tilboðsverð 890 þús!!! GSM 893-9500

**Hjólbarðar**



**NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.**

Einnig úrval notaðra dekkja. Tökum notuð uppi ný. Vaka s. 567 6700

**Varahlutir**

**Startarar & alternatorar**

í bíla, báta og vinnuvélar



**Bílaraf**

Flatahrauni 25 - Hafnarfríði

Sími 564 0400  
www.bilaraf.is

**Þjónusta**

**Pípulagnir**

**PÍPULAGNIR**

Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 699 6069 663 5315

**Hreingerningar**



Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn. is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**Garðyrkja**

Tek að mér slátt fyrir húsfélög og einstaklinga og klippingar og umhirðu á gördum. Uppl. í s. 616 1569.

**GARDAUMSJÓN**

Garðvinna, sláttur klippingar ofl. Halldór garðyrkjumaður. S: 698 1215

**ráðum**  
ráðningarstofa

Er verið að leita að þér?

RÁÐUM EHF • Vegmúla 2, 108 Reykjavík • Sími 519 6770 • radum@radum.is

# GÓÐIR Í SUMAR!



**FORD Mustang gt.** Árgærd 2005, ekinn 87 P.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.890.000. Verðlaunabíll 1 sætið á Mustangsýningu Rnr.115433.



**TOYOTA Auris terra eco.** Árgærd 2015, ekinn 82 P.KM, dísel, 6 girar. Tilboð 1.790.000. Ásett verð 1.900.000 Rnr.340426.



**VW Polo komfortline.** Árgærd 2014, ekinn 75 P.KM, bensín, sjálfskiptur 7 girar. Tilboð 1.690.000. Ásett verð 1.990.000 Rnr.212245.



**SKODA Rapid.** Árgærd 2015, ekinn 80 P.KM, dísel, sjálfskiptur 7 girar. Tilboð 1.950.000. Ásett verð 2.390.000 Rnr.340261.



**FORD B-max titanium.** Árgærd 2013, ekinn aðeins 4 P.KM, bensín, sjálfskiptur 6 girar. Verð 2.690.000. 1 eigandi Rnr.340446.



**SKODA Octavia combi ambition 1.6 tdi 4x4.** Árgærd 2015, ekinn 56 P.KM, dísel, 6 girar. Verð 3.090.000. Rnr.115786.



**MMC Pajero instyle.** Árgærd 2015, ekinn 61 P.KM, dísel, sjálfskiptur 5 girar. Tilboð 6.190.000. Ásett verð 6.990.000 Rnr.340161.



**LAND ROVER Range rover supercharged.** Árgærd 2007, ekinn 136 P.KM, bensín, sjálfskiptur 6 girar. Verð 3.350.000. Rnr.115529.



**HYUNDAI ix35 komfort.** Árgærd 2015, ekinn 54 P.KM, dísel, sjálfskiptur 6 girar. Tilboð 3.290.000. Ásett verð 3.550.000 Rnr.340416.



**MERCEDES-BENZ MI 250 bluetec 4matic.** Árgærd 2014, ek. 81 P.KM, dísel, sjálfskiptur 7 girar. Tilboð 6.990.000. Ásett verð 7.490.000 Rnr.115548.



**BMW X5 - 7 manna.** Árgærd 2012, ekinn 104 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 5.990.000. Fallegur og velmeð farinn Rnr.340265.



**LAND ROVER Discovery s 7 manna.** Árgærd 2014, ekinn 75 P.KM, dísel, sjálfskiptur 8 girar. Tilboð 7.490.000. Ásett verð 8.690.000 Rnr.340350.



**FORD F350 platinum.** Árgærd 2015, ekinn 57 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð án vsk 6.490.000. Rnr.212238.

567 2277 **NÝJA** WWW.NYJA.IS

**BÍLAHÖLLIN**  
BÍLAKJARNINN VIÐ BREIÐHÖFÐA 110 REYKJAVÍK

Opnunartími: Mán-föst kl. 10-18 • Lau kl. 12-15 • Lokað sunnudaga.  
Sími utan opnunartíma • S. 861 2165



**Bílafjármögnun Landsbankans**



**Bókhald**

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjöfnum verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

**Málarar**

Faglæðir málarar geta bætt við sig útiverkefnum. Mikil reynsla og fagmennska í fyrirrúmi. Jón og Marteinn S. 861 1242

**Búslóðaflutningar**

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafnl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningagj. Mikael S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

**Húsaveiðhald**

**FLÍSLAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK**  
 Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.  
 Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.  
 Tímavinna eða tilboð.  
 Strúctor byggingaþjónusta ehf. S. 893 6994

**Spádómar**

**SPÁSÍMINN 908 5666**  
 Stjórnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

**SÁ SÍMASPÁ Í S. 844 6845 / 462 4564**  
 Frá kl. 14:00. Spá í spil og bolla. Leiðb. Geymið auglýsinguna. Er á facebook: SÁ

**Rafvirkjun**

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**  
 Bjóðum hagstætt verð í töfluskípti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

**GEFÐU HÆNU**  
 gjofsemgefur.is  
 907 2003  
 Hjálparstarf kirkjunnar

**BMW X5 3.0si 3.0i e70.**  
 WWW.bilahollin.is  
 Árgerð 11/2007, Ekinn 86 Þ.KM, Bensín, Sjálfskiptur. Grátt leður. Nýr rafgeymir. Michelin heilsársdekk. Bluetooth. Rafmagn í sætum. Bakskynjarar. Dráttarbeiðli. Eyðsla utanbæjar 9L, innanbæjar 12-14L. Mjög fallegur og vel með farinn bíl. Einstakur ferðabíll. Ásett verð 3.490.000. Rnr.288548.  
**BÍLAHÖLLIN**  
 S: 567-4949  
 Bíldshöfða 5 www.bilahollin.is

**Fundir**

**Pólyfónfélagið - Aðalfundur**  
 Aðalfundur Pólyfónfélagsins verður haldinn **fimmtudaginn 25. maí 2017 kl. 16:00** í Safnaðarheimili Vídalínskirkju í Garðabæ. Gengið er inn frá hægri hlið miðað við bílastæðið, að norð-austan.  
 Venjuleg aðalfundarstörf og umræður um framtíð félagsins. Stjórn félagsins vonast eftir að sjá sem flesta fundargesti, en vill þakka þeim sem ekki geta mætt, fyrir frábæran stuðning við starfsemi félagsins í þann áratug sem félagið hefur starfað.  
 Stjórn Pólyfónfélagsins

**VERSLUNARTÆKNI**  
 www.verslun.is  
 Framúrskarandi fyrirtæki

**Kælar**  
 SD 419 H: 1980 B: 575 D: 605 - 338L Kæling 4/-210°C - 5 hillur - Læsing - LED **99.000,-vsk**  
 SD 429 H: 1993 B: 577 D: 576 - 360L Kæling 0/+10°C - 5 hillur - Læsing - LED **99.000,-vsk**  
 SD 416 H: 1980 B: 606 D: 575 - 338L Kæling +2/+10°C - 8 hillur - Læsing **99.000,-vsk**  
 SD 1001 og SD 801 H: 2020 B: 1000/1130 D: 70/22 Kæling +2/+10°C - 8 hillur - Læsing **229.000,-vsk**  
 SD 801 - 800 ltr B.1000 mm **199.000,-vsk**  
 SD 1001 - 1000 ltr B.1130 mm **229.000,-vsk**  
 RTC 79 St. (hxbxd) 960 x425 x380mm Kæling +2/+12°C **69.000,-vsk**  
 RTC 236 St. (hxbxd) 1695 x515 x485mm Kæling +2/+12°C **139.000,-vsk**  
 RTC 286 St. (hxbxd) 1895 x515 x485mm Kæling +2/+12°C **179.000,-vsk**

**Kæli & frystitæki**  
 SD 155 Stærð (hxbxd) 922x564x695mm Kæling -12/-24°C **79.000,-vsk**  
 SD 305 Stærð (hxbxd) 905x950x695mm Kæling -12/-22°C **119.000,-vsk**  
 SD 400 Stærð (hxbxd) 905x1225x650mm Kæling -12/-24°C **119.000,-vsk**  
 XS 801 Stærð (HxBxD) 840x2000x757mm Kæling -12/-24°C **189.000,-vsk**  
 XS 601 Stærð (hxbxd) 1475x837x757mm Kæling -12/-24°C **169.000,-vsk**

**Kæli**  
 FKG 371 - Display kæli H: 185 B: 595 D: 595 - 650 ltra - Kæling -16/-25°C - Lás **119.000,-vsk**  
 NFG 309 - Display frystir H: 185 B: 595 D: 595 D: 595 - 650 ltra - Kæling -16/-25°C - Lás **199.000,-vsk**  
 OFC 200 HxBxD. 1250x1000x560 Kæling 2/12°C **269.000,-vsk**  
 OFC 220 HxBxD. 1750x495x600 Kæling 2/12°C **199.000,-vsk**

**Vínkælar**  
 VK 810 - Stærð (hxbxd) 865 x595 x572 LED ljós. Hurð ryðfritt stál **89.000,-vsk**  
 VK 902 - St. (hxbxd) 1390 x595 x677 Hurð ryðfritt stál. LED ljós **147.000,-vsk**  
 VK 922 - St. (hxbxd) 1762 x595 x677 mm LED ljós. Hurð ryðfritt stál **178.000,-vsk**

**Kæli**  
 OFC 230 HxBxD. 1520x600x890 Kæling 2/12°C **248.000,-vsk**  
 OFC 380 380 ltra kæli - H:1523 mm B: 1000 mm D: 890 mm - LED / Rustfritt stál **299.000,-vsk**  
 TK 41 - Utanmál: (HXD) 735 x 445. 40 ltr. **39.000,-vsk**

**3 stærðir**  
 RTW 100 Kæling +2/+12°C - Innbyggð ljýsing - Stærð b:682 d:450 h:675 **89.000,-vsk**  
 RTW 160 Kæling +2/+12°C - Innbyggð ljýsing - Stærð b:874 d:568 h:686 **119.000,-vsk**

**Verð frá kr. (2 stærðir)**  
 MB35 og MB 45 - St. (hxbxd) 485/560 x 385/400 x 485/425. Engin pressa, minni tittingur - Hljóðlaus. **29.000,-vsk**  
 SD 76 Stærð (hxbxd) 675x595x520mm Kæling -9/-24°C **79.000,-vsk**  
 SD 46 Stærð (hxbxd) 500x570x510mm Kæling -9/-20°C **69.000,-vsk**

**Hita skápar**  
 SVS 145 Stærð (hxbxd) 785x645x487 mm Hitun: 30-90°C - Góð ljós **99.000,-vsk**  
 SVS 100 Stærð (hxbxd) 785x448x460 mm Hitun: 30-90°C - Góð ljós **99.000,-vsk**

**VERSLUNARTÆKNI**  
 Draghálsi 4 - 110 Reykjavík  
 Sími: 535 1300 - Fax: 535 1305 - verslun@verslun.is  
 Syngarsalur við Dragháls  
 Pöntunarsími: 535 1300 - Verslun Draghálsi 4

**M.BENZ SPRINTER LUXURY**

- 2/2017
- ek 5 þkm
- 17 farþega
- sjálfskiptur
- leður
- vel búinn bíll

Verð 9.790 þús + vsk  
 rnr.402624.

**TOYOTA LAND CRUISER 150 VX 33"**

- 09/2015
- ek 17 þkm
- diesel
- sjálfskiptur
- leður
- crawl control
- topplúga ofl

Verð 10.490 þús  
 rnr.402746

**M.BENZ SPRINTER 316 CDI L4HR.**

- 10/2015
- ek 33 þ.km
- diesel
- 6 girar

Verð 3.980 þús + vsk  
 rnr.402844.

**TOYOTA LANDCRUISER 150 GX,**

- 06/2014
- ek 60 þ.km
- diesel
- sjálfskiptur
- sumar/vetrardekk

Verð 6.450.000.  
 rnr. 402637

**LAND ROVER DISCOVERY 4 3.0 TDV6 HSE**

- 07/2010
- 280 hö
- ek 127 þ.km
- sjálfskiptur
- 7 manna
- leður
- hlaðinn búnaði

Verð 6.490 þús  
 rnr.402410.

**M.benz sprinter 519 cdi 46", 18 manna**

- 06/2012
- ek 229 þ.km
- diesel
- fullbreyttur bíll

verð 15.500 þús + vsk  
 rnr.412993.



Keypt  
& Selt

## Til sölu



## LOK Á HEITA POTTA OG HITAVEITUSKELJAR.

Stærðir í cm: 200x200, 210x210, 220x220, 235x235, 235x217, 217x174, 8 hyrnd lok. Lokin þola 1000 kg jafnarðarpunga af snjó. Vel einangruð og koma með 10 cm svuntu. Sterkustu lokin á markaðnum. Litir: Brúnt eða Grátt. Opnara til þess að auðvelda opnun á loki. www.Heitipottar.is Sími 777 2000 Haffi og 777 2001 Grétar

## Óskast keypt

## KAUPUM GULL - JÓN &amp; ÓSKAR

Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar jonogoskar.is s.552-4910

## Til bygginga



## HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS

Vatnasklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolia. Indus ehf, Öseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í sínum 660 0230 og 561 1122.

## Heilsa

## Nudd

## TANTRA NUDD

Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

## Húsnæði

## Atvinnuhúsnæði

## AUÐBREKKA - SKRIFSTOFA

Til leigu 30 fm skrifstofa við Auðbrekku. Sameiginleg kaffiaðstaða og salerni. Nánari uppl. í s. 897 9743

## Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS  
SÍMI 555-3464

þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

WWW.GEYMSLAEITT.IS  
FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR

á minna en 7 m2. Ódyrt eftir það. S. 564-6500

## Atvinna

## Atvinna í boði



## SÓLAR EHF

Óskum eftir hressu fólki í ræstingavinnu. Nánari uppl á skrifstofu Sólar Kleppsmýrarveg 8, 104 R milli 10-16. We are looking for people for cleaning jobs. More info at Sólar office Kleppsmýrarveg 8, 104 R between 10-16. Must speak Icelandic or English.

Óska eftir mönnum vönum utanhúss málningu. Upp. s 8963982

## VERKAMENN ÓSKAST.

Starfsmenn óskast til vinnu hjá Steingarði ehf við lagningu ljósleiðara í Hafnarfirði í sumar og haust. Uppl. í s. 892 18 82

## DISHWASHER AND KITCHEN HELP

Dishwasher and kitchen assistant needed in a restaurant in Laugavegur. Full time job.

Please send email to steinigumm@gmail.com with information about you and experience or tel: 859 3609

## Tilkynningar

## Einkamál

## HRINGID Í STÍNUI!

Hún er alltaf til í heitt spjall. Opíð frá 18 Sími 905-2100 Geymið auglýsinguna.

## Atvinna

## ORGANISTI

## ORGANISTI

Langholtssókn í Reykjavíkprófestsdæmi vestra auglýsir laust til umsóknar starf organista. Um er að ræða 100% starf.

## HÆFNISKRÖFUR

Menntunarkröfur eru Kantorspróf. Kræfist er reynsla af kirkjulegu starfi og hæfni í mannlegum samskiptum.

Launagreiðslur og önnur kjör miðast við kjarasamning launaneftdar Þjóðkirkjunnar og FÍO/Organistadeildar FÍH.

Vísad er í starfslýsingu á heimasíðu Langholtskirkju.

## SKIL UMSÓKNA

Umsóknarfrestur er til 7. júní. Umsóknir berist rafrænt í netföngin: bjorgdr@gmail.com og johanna@langholtskirkja.is

Upplýsingar um starfið veita:

Björg Dan Róbertsdóttir formaður sóknarnefndar, gsm 853 1414 og Jóhanna Gísladóttir settur sóknarprestur, gsm 696 1112



Ábendingahnappinn má finna á [www.barnaheill.is](http://www.barnaheill.is)



LIND Fasteignasala kynnr:

# Einstant og uppgert 350 fm. einbýlishús í hlíðunum

Mjög vandað og vel uppgert einbýlishús með fallegum afgirtum garði ásamt stórum bílskúr.

Sérsmíðaðar innréttingar, vönduð tæki, fallegar hurðir og loftlistar.

Sjö herbergja hús, þrjú baðherbergi.

STÆRÐ: 350 FM EINBÝLI HERB: 7 105 RVK

Allar nánari upplýsingar veitir:



Hannes Steindórsson  
Löggiltur fasteignasali  
**699 5008**  
hannes@fastlind.is

**LIND**  
FASTEIGNASALA  
Hlíðasmári 6, 201 Kópavogur

Uppspretta ánægjulegra viðskipta

## Atvinna

Hurðir og gluggar  
Kaplahauni Hafnarfirði

Óskar eftir að ráða einstakling til starfa á verkstæði við smíðar. Starfið er fólgið í allri smíði og frágangi á gluggum, hurðum og öðru tengdu.

## Hæfniskröfur:

- Sveinspróf í trésmíði er kostur en ekki skilyrði.
- Reynsla af smíðavinnu á verkstæði æskileg.
- Sjálfstæð vinnubrögð og gott frumkvæði.

Upplýsingar í síma 565 4123



**Hurðir & gluggar**

Smíðum eftir máli glugga, fög og útihurðir

## Fasteignir

**EIGNAMÍÐLUN**  
Sala fasteigna frá **1957**  
Elsta starfandi fasteignasala landsins

Stakkholt 4a, 105 Reykjavík



Falleg tveggja herbergja 65 fm íbúð á 2. hæð í góðu lyftuhúsi ásamt stæði í bílageymslu. Góð staðsetning í hjarta borgarinnar.

Eignin verður sýnd fimmtud. 11. maí milli kl. 17:15 og kl. 17:45.

Íbúð merkt: 04 02 01. V. 39,9 m.

588 9090 · www.eignamidlun.is · Grensásvegi 11 · 108 Reykjavík

## Styrkir



Félag löggiltra  
endurskoðenda

## FLE auglýsir til umsóknar styrki frá Námsstyrkja- og rannsóknarsjóði félagsins.

## Markmið sjóðsins er að:

- Styrkja bóklega menntun endurskoðenda með því að veita ýmist styrki til einstaklinga sem stunda framhaldsnám í endurskoðun og reikningsskilum eða styrkja stofnanir sem standa fyrir slíku námi.
- Veita styrki til eflingar rannsókna á sviði reikningshalds og endurskoðunar í þeim tilgangi að efla faglega umræðu um efnið, viðhalda og auka faglega þekkingu endurskoðenda eða styrkja rannsóknir sem snerta beint hagsmuni FLE eða lögbundið hlutverk þess.

Umsóknarfrestur um náms- eða rannsóknarstyrk á árinu 2017 er til 15. september. Stjórn sjóðsins metur umsóknir og ákvarðar um úthlutun styrkja eigi síðar en 15. nóvember næstkomandi. Nálcast má skipulagsskrá sjóðsins, úthlutunarreglur og umsóknarslóð á heimasíðu félagsins [www.fle.is](http://www.fle.is)